Maí 2026

Aðgerðaáætlun fyrir sjúkraflutninga og bráðaþjónustu utan heilbrigðisstofnana

2026-2030

Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

Útgefandi:
Heilbrigðisráðuneytið

Aðgerðaáætlun fyrir sjúkraflutninga og bráðaþjónustu

Maí 2026

hrn@hrn.is

www.hrn.is

Umbrot og textavinnsla:
Heilbrigðisráðuneytið

©2026 Heilbrigðisráðuneytið

ISBN 978-9935-515-87-2

Efnisyfirlit

Inngangur **5**

1. Forysta til árangurs **6**

1.1 Efla samræmingu og samþættingu bráðaþjónustu á vettvangi slysa og veikinda 6

1.2 Heildarendurskoðun reglugerðar um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga 6

2. Rétt þjónusta á réttum stað **7**

2.1 Þjónustuviðmið sett og útkallsáætlun unnin sem tilgreinir hvaða þjónusta sé veitt á útkallssvæði viðkomandi þjónustuveitanda 7

2.2 Stafræn skráning þróuð í sjúkraflutningum 8

2.3 Faglegur stuðningur á vettvangi tryggður með aðstoð sérhæfðra fagaðila í bráðaþjónustu 8

3. Fólkið í forgrunni **9**

3.1 Viðhaldsþjálfun starfsfólks í sjúkraflutningum 9

3.2 Hermiþjálfun 9

3.3 Sérstök námskeið í boði fyrir heilbrigðisstarfsfólk og viðbragðsaðila sem koma að bráðaþjónustu utan heilbrigðisstofnana 10

3.4 Endurskoðun fyrri áætlunar um flutning á námi í sjúkraflutningum (grunn- og framhaldsnámi) yfir á framhaldsskólastig 10

3.5 Mat lagt á ávinning þess að bjóða upp á nám bráðatækna (paramedics) við íslenska háskóla 11

3.6 Mat lagt á ávinning þess að bjóða upp á diplómanám eða sérhæfingu í utanspítalahjúkrun við íslenska háskóla 11

4. Virkir notendur **13**

4.1 Styrkja umgjörð og boðun vettvangsliða 13

4.2 Virkja nærsamfélag á hverjum stað í bráðaviðbragði til að auka líkur á góðri útkomu 13

4.3 Reglulegt mat notenda á þjónustu tengdri bráðaviðbragði og sjúkraflutningum 14

5. Skilvirk þjónustukaup **15**

5.1 Samningar byggi á kostnaðar- og þarfagreiningu 15

5.2 Endurnýjun á búnaði og bifreiðum skv. þarfamati, ásamt mati á fjölda og dreifingu um landið15

5.3 Heilbrigðisstofnanir nýti einfaldari bifreiðar til flutnings sjúklinga milli stofnana þar sem kostur er í stað fullbúinna sjúkrabíla 16

6. Gæði í fyrirrúmi 17

6.1 Uppfæra klínískar leiðbeiningar um framkvæmd sjúkraflutninga 17

6.2 Setja landsgæðavísa fyrir sjúkraflutninga sem nýttir eru til að leggja mat á þjónustuna á landsvísu 18

7. Hugsað til framtíðar 19

7.1 Kaup og innleiðing á tækni sem styður við notkun fjarheilbrigðislausna á vettvangi og í flutningum sem eykur m.a. möguleika á því að hægt sé að ljúka afgreiðslu á staðnum 19

7.2 Þróa lausnir sem miða að því að sinna bráðatilfellum sjúklinga með geðrænar og/eða vímuefnatengdar áskoranir 19

7.3 Draga skal úr skaðlegum umhverfisáhrifum sjúkraflutninga eins og mögulegt er 20

7.4 Kanna möguleika einmenningsviðbragðs á völdum stöðum á landinu til að auka öryggi 21

7.5 Sjúkrabíll til sérhæfðra sjúkraflutninga tekinn í notkun 21

Inngangur

Árið 2019 skipaði heilbrigðisráðherra starfshóp til að móta stefnu um sjúkraflutninga og leggja fram tillögu að framtíðarfyrirkomulagi sem tryggir góða heildstæða þjónustu á landsvísu. Hópurinn skilaði ráðherra tillögu að stefnu í bráðaþjónustu og sjúkraflutningum og tillögu að miðstöð um bráðaþjónustu og sjúkraflutninga og drögum að þjónustuviðmiðum í byrjun árs 2020. Í framhaldinu var unnin og gefin út aðgerðaáætlun til fimm ára sem byggð var á vinnu og niðurstöðu hópsins sem gilti til ársloka 2025.

Fyrri hluta ársins 2025 voru tilnefndir fulltrúar í vinnuhóp um uppfærslu aðgerðaáætlunarinnar sem er ætlað að gilda til ársins 2030. Vinnuhópurinn hóf störf í lok sumars og lauk störfum í desember 2025. Um breiðan hóp hagaðila var að ræða, en hópinn skipuðu eftirfarandi aðilar:

1. Vicente Sanchez-Brunete Ingelmo f.h. fagráðs sjúkraflutninga og Landspítala
2. Egill Aron Gústafsson f.h. Landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutninga
3. Gunnar Rúnarsson f.h. Miðstöðvar um sjúkraflug
4. Tómas Dagur Helgason f.h. Miðstöðvar um sjúkraflug
5. Corina Labitzke f.h. Miðstöðvar um sjúkraflug
6. Guðbjörg Björnsdóttir f.h. Landsambands heilbrigðisstofnana
7. Vilhjálmur Halldórsson f.h. Neyðarlínunnar
8. Halldóra Hjörleifsdóttir og Hrafnhildur Ævarsdóttir f.h. Landsbjargar
9. Ingimar Eydal t.d. Sjúkraflutningaskólans
10. Elvar Már Sigurðsson f.h. Landhelgisgæslunnar
11. Henný Hraunfjörð f.h. embætti landlæknis
12. Birgir Finnsson f.h. rekstraraðila sjúkraflutninga hjá slökkviliðum
13. Gunnar Jónsson f.h. Samband íslenskra sveitarfélaga
14. Páll Heiðar Halldórsson f.h. Sjúkratrygginga

Helga Harðardóttir sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu stýrði vinnu hópsins og Hrafnhildur Ýr Erlendsdóttir var starfsmaður hans.

Við vinnuna var stuðst við stefnu um bráðaþjónustu og sjúkraflutninga til ársins 2030 og byggt á sjö köflum heilbrigðisstefnunnar. Hver aðgerð var rýnd og uppfærð af hópnum miðað við stöðuna nú og framtíðarhorfum velt upp. Í nóvember var haldin vinnustofa með hópnum þar sem unnið var að nýjum aðgerðum sem mögulega ættu erindi í áætlunina.

Til þess að ná sem víðtækastri sátt um áætlunina var ákveðið að setja hana í opið samráð í Samráðsgátt. Alls bárust 21 athugasemd við drögin frá einstaklingum og fulltrúum stofnana og var mat lagt á þær allar og áætluninni breytt eftir atvikum. Athugasemdirnar í heild má finna á vef samráðsgáttar, mál nr. S-46/2026.

Endanleg útgáfa er unnin af og á ábyrgð heilbrigðisráðuneytis og samþykkt af heilbrigðisráðherra. Framkvæmd aðgerða og fjármögnun verkefna sem ekki eru hluti af núverandi fjármögnun þjónustuveitenda verða til skoðunar innan ráðuneytisins svo tryggja megi framgang þeirra.

1. Forysta til árangurs

Í heilbrigðisstefnu er lögð áhersla á:
Stjórnun og samhæfingu – Löggjöf um heilbrigðisþjónustu – Stjórnun og forystu – Siðferðileg viðmið og gildismat.

1.1 Efla samræmingu og samþættingu bráðaþjónustu á vettvangi slysa og veikinda

Unnið verði skipulaga og markvisst að aukinni faglegri nálgun við framkvæmd sjúkraflutninga á landinu öllu og hún samræmd, óháð því hverjir sinna rekstri flutninganna. Verkaskipting og ábyrgðarsvið þeirra aðila sem koma að sjúkraflutningum verði skýr.

Mælanleg markmið
Samningur eða stofnskrá liggur fyrir.

Ábyrgð
Heilbrigðisráðuneyti.

Framkvæmdatími
2026-2028.

1.2 Heildarendurskoðun reglugerðar um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga

Gildandi reglugerð um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga verði endurskoðuð. Reglugerðin taki mið af þeim breytingum sem orðið hafa við framkvæmd bráðaþjónustu utan heilbrigðisstofnana og sjúkraflutninga. Reglugerðardrög fari í opið samráð í Samráðsgátt

Mælanleg markmið
Endurskoðuð reglugerð um bráðaþjónustu utan heilbrigðisstofnana og sjúkraflutninga gefin út.

Ábyrgð
Heilbrigðisráðuneyti.

Framkvæmdatími
2026.

2. Rétt þjónusta á réttum stað

Í heilbrigðisstefnu er lögð áhersla á:
Heilbrigðisþjónustu á réttu þjónustustigi – Þjónustustýringu og samspil þjónustustiganna þriggja til að tryggja öryggi, hagkvæmni og jafnræði – Öfluga sjúkraflutninga og þróun heilbrigðisþjónustu sem bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

2.1 Þjónustuviðmið sett og útkallsáætlun unnin sem tilgreinir hvaða þjónusta sé veitt á útkallssvæði viðkomandi þjónustuveitanda

Öflug stiguð þjónusta sjúkraflutninga tryggir rétta bráðameðferð á vettvangi og skjótan flutning á sérhæft sjúkrahús þegar við á. Þjónustuviðmið eða þjónustumarkmið taka m.a. til viðbragðstíma og menntunarstigs mannafla í sjúkraflutningum. Útkallsáætlanir lýsi því hvaða þjónusta er á starfssvæðum aðila, þjónusta og stigun viðbragðs, að teknu tilliti til fjarlægða, þéttbýlis, dreifbýlis og utan alfaraleiða. Einnig hvaða viðbragð er til staðar og menntun þeirra sem að því koma, hvort sem um er að ræða vettvangslið, einmenningsviðbragð eða sjúkraflutninga. Íbúar geti nálgast þessar upplýsingar. Staðsetning sjúkraflutningstækja og mannafla er í samræmi við þarfagreiningu. Nýta má sjálfvirk reiknimódel (Computer Assisted Dispatch system) sem spá fyrir um viðbragðstíma bráðaflutninga út frá eðli og staðsetningu flutningstækja til að styðja við bestu staðsetningu út frá settum þjónustuviðmiðum.

A) Skipa starfshóp sem leggur til þjónustuviðmið og mótar tillögu að aðferðafræði við gerð útkallsáætlunar sem gildir fyrir öll svæði landsins og öll flutningstæki í sjúkraflutningum.

B) Ábyrgðaraðilar sjúkraflutninga á hverjum stað vinna útkallsáætlun fyrir það svæði sem þeir starfa á.

Mælanleg markmið
Útkallsáætlun og stigun viðbragðs fyrir hvert svæði liggur fyrir.

Ábyrgð
Heilbrigðisráðuneyti.

Samstarfsaðilar
Neyðarlínan, Landhelgisgæslan, heilbrigðisstofnanir, Sjúkratryggingar Íslands og rekstraraðilar sjúkraflutninga.

Framkvæmdatími
2026-2028.

2.2 Stafræn skráning þróuð í sjúkraflutningum

Stafræn skráning upplýsinga tengd sjúkraflutningum í lofti, á láði og legi veitir yfirsýn og gefur tækifæri til endurgjafar þegar horft er á gæði, öryggi og árangur þjónustunnar. Frekari þróun kerfisins skal fylgja stefnu um stafræna heilbrigðisþjónustu frá 2021. Nýta skal möguleika til miðlunar upplýsinga milli kerfa og þjónustuveitenda eins og mögulegt er. Stafræn skráning í sjúkraflutningum skal fylgja stefnu um meðferð, fyrirmælum um lágmarksskráningu, miðlun og stjórnun gagna. Tryggja skal að skráningakerfið nýtist í kennslu grunnnáms og símenntun starfsfólks. Stýrihópur um stafræna sjúkraflutningaskrá hefur það verkefni að vinna að umbótum á skránni til að hámarka klíníska útkomu og styðja við sjúklingamiðaða mælikvarða.

Mælanleg markmið

Hlutfall þjónustuveitenda á landsvísu sem skrá í stafræna sjúkraskrá.

Ábyrgð

Heilbrigðisráðuneyti/Stafræn heilsa.

Framkvæmdatími

2026-2028.

2.3 Faglegur stuðningur á vettvangi tryggður með aðstoð sérhæfðra fagaðila í bráðaþjónustu

Greiðar boðleiðir milli viðbragðsaðila á vettvangi og fagaðila í bráðaþjónustu gegnum fjarskipti tryggja rétta meðferð við bráðar aðstæður og styðja við afgreiðslu á vettvangi án flutnings á sjúkrahús þar sem það á við. Greitt aðgengi að faglegum stuðningi við krefjandi aðstæður auðveldar mönnun heilsugæslustöðva í dreifbýli auk stuðnings við neyðarverði.

Mælanleg markmið

Faglegur stuðningur sérhæfðra fagaðila í bráðaþjónustu við sjúkraflutninga er fyrir hendi. Verkefnið er innleitt í stigum og lýkur þegar stuðningurinn er orðinn aðgengilegur allan sólahringinn árið um kring.

Ábyrgð

Heilbrigðisráðuneyti.

Framkvæmdatími

2026-2030.

3. Fólkið í forgrunni

Í heilbrigðisstefnu er lögð áhersla á:
Mannauð og gott og öruggt starfsumhverfi – Mikilvægi þess að tryggja mönnun heilbrigðisþjónustunnar með vel menntuðu, hæfu og áhugasömu fólki.

3.1 Viðhaldsþjálfun starfsfólks í sjúkraflutningum

Aukin þátttaka sjúkraflutningamanna og bráðatækna í klínískum störfum innan heilbrigðisstofnunar er mikilvæg, ekki síst í smærri byggðarlögum. Með því er unnt að veita þeim stærra hlutverk í heilbrigðiskerfinu t.d. með heimsóknum og eftirfylgni (community paramedicine) ásamt störfum á bráðadeildum. Jafnframt er vert að skoða þátttöku annarra heilbrigðisstétta í sjúkraflutningum þar sem við á. Símenntun er sinnt af hálfu Sjúkraflutningsskólans, rekstraraðila og heilbrigðisstofnana.

A) Möguleikar á tilfærslu verkefna og breyttri verkaskiptingu milli heilbrigðisstétta verði nýttir til að tryggja að menntun og hæfni heilbrigðisstétta nýtist sem best.

B) Starfshópi falið að móta tillögu að ramma um símenntun fyrir sjúkraflutningamenn og bráðatækna sem starfa við sjúkraflutninga og vinna drög að hæfniviðmiðum. Samstarf við fagfélag.

Mælanleg markmið
Viðmið um mönnun og hæfni verði hluti af útkallsáætlun. Að starfsmenn hafi aðgang að rafrænu skráningakerfi sem heldur utan um símenntun þeirra þannig að vinnuveitendur hafi yfirsýn yfir menntun og þjálfun starfsmanna sem sinna sjúkraflutningum.

Ábyrgð
Heilbrigðisráðuneyti.

Samstarfsaðilar
Sjúkraflutningaskólinn, heilbrigðisstofnanir, rekstraraðilar sjúkraflutninga og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Framkvæmdatími
2026-2029.

3.2 Hermiþjálfun

Efla þarf hermiþjálfun til að undirbúa fagaðila fyrir sjaldgæf en alvarleg tilvik og gera hana að lið í kennslu endurlífgunar og viðbrögð á vettvangi slysa. Mikilvægt

er að aðilar sem bera ábyrgð á kennslu um allt land hafi til þess nauðsynlega aðstöðu (t.d. aðgang að hermisetri), tæki ásamt staðbundnum og færanlegum búnaði sem nýtist til kennslu.

Mælanleg markmið
Fyrir hendi er viðeigandi aðstaða og búnaður til kennslu að mati þeirra sem bera ábyrgð á verklegri kennslu í bráðaþjónustu og sjúkraflutningum.

Ábyrgð
Sjúkraflutningaskólinn.

Samstarfsaðilar
Heilbrigðisstofnanir, rekstraraðilar og aðrir kennslustaðir um allt land.

Framkvæmdatími
2026-2030.

3.3 Sérstök námskeið í boði fyrir heilbrigðisstarfsfólk og viðbragðsaðila sem koma að bráðaþjónustu utan heilbrigðisstofnana

Á námskeiðunum er tekin fyrir almenn vettvangsvinna og áhersla á bráðþjónustu á vettvangi eða í flugi, stigun þjónustu og samstarf viðbragðsaðila á vettvangi sem fela í sér öðruvísi vinnubrögð en bráðaþjónusta innan heilbrigðisstofnunar. Kennsla í notkun fjarheilbrigðisþjónustubúnaðar.

Mælanleg markmið
Námskeið í boði fyrir teymi viðbragðsaðila á tilteknu svæði sem vill styrkja sig í veitingu bráðaþjónustu á vettvangi.

Ábyrgð
Sjúkraflutningaskólinn.

Samstarfsaðilar
Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri.

Framkvæmdatími
2026-2030.

3.4 Endurskoðun fyrri áætlunar um flutning á námi í sjúkraflutningum (grunn- og framhaldsnámi) yfir á framhaldsskólastig

Fyrir liggur samþykkt áætlun um uppbyggingu náms og mótun námsbrautarlýsingar sjúkraflutningamanna innan framhaldsskólakerfisins. Ákveðið hefur verið að vinna frekari greiningu á kostum og göllum þess að breyta fyrirkomulag námsins eða hafa það í sama formi. Greiningin verður unnin með helstu hagaðilum áður en lengra er haldið með innleiðingu fyrirhugaðra

breytinga og þá sérstaklega m.t.t. sjónarmiða hagaðila og áhrifa á þjónustu og rekstur hennar í dreifbýli auk þess að meta hvað námið eigi best heima.

Mælanleg markmið
Greining liggur fyrir ákvörðun um næstu skref varðandi menntun.

Ábyrgð
Heilbrigðisráðuneyti.

Framkvæmdatími
2026.

3.5 Mat lagt á ávinning þess að bjóða upp á nám bráðatækna (paramedics) við íslenska háskóla

Aukin fagleg geta viðbragðsaðila eykur líkur á betri afdrifum sjúklings. Ekki liggur fyrir mat á fjölda bráðatækna sem þörf er fyrir í heilbrigðiskerfinu og hvaða hlutverki þeim er ætlað að sinna í stigskiptu bráðaviðbragði og þá sérstaklega í hinum dreifðari byggðum og í flugi. Horft er til mögulegs samstarfs við erlenda háskóla ef ráðist verður í að koma á slíku námi við íslenska háskóla. Skipaður verður starfshópur sem greinir þörf og hlutverk bráðatækna í íslensku heilbrigðiskerfi.

Mælanleg markmið
Mat á námi bráðatækna við íslenska háskóla liggur fyrir.

Ábyrgð
Heilbrigðisráðuneyti.

Samstarfsaðilar
Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið ásamt háskólum landsins.

Framkvæmdatími
2026-2029.

3.6 Mat lagt á ávinning þess að bjóða upp á diplómanám eða sérhæfingu í utanspítalahjúkrun við íslenska háskóla

Starfshópur verði skipaður sem hefur það hlutverk að leggja mat á ávinning og fýsileika fyrir diplómanám eða formlega sérhæfingu í utanspítalahjúkrun á háskólastigi, með það að markmiði að efla faglega breidd, klíníska getu og mönnun í utanspítalaþjónustu, sérstaklega á landsbyggðinni.

Mælanleg markmið
Mat á sérhæfingu innan hjúkrunarfræði liggur fyrir.

Ábyrgð
Heilbrigðisráðuneyti.

Samstarfsaðilar

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið ásamt háskólum landsins.

Framkvæmdatími

2026-2030.

4. Virkir notendur

Í heilbrigðisstefnu er lögð áhersla á:
Mannauð og gott og öruggt starfsumhverfi – Mikilvægi þess að tryggja mönnun heilbrigðisþjónustunnar með vel menntuðu, hæfu og áhugasömu fólki.

4.1 Styrkja umgjörð og boðun vettvangsliða

Vettvangsliðar er samheiti yfir „fyrstuhjálparliða“ sem nýttir eru til að veita fyrstu hjálp áður en neyðar- eða sjúkrabíll mætir á svæðið. Þeir eru fjárhagslega og faglega á ábyrgð þjónustuaðila sjúkraflutninga á hverjum stað. Vettvangsliðateymi eru mönnuð aðilum úr slökkviliðum, björgunarsveitum, Rauða krossi Íslands eða öðrum úr nærumhverfi. Tryggja þarf aðgengi að sérhæfðu námskeiði í vettvangshjálp og huga að því hvort ástæða sé til að efla það nám enn frekar.

A) Móta grunnreglur um menntun/þjálfun, störf/vinnulag vettvangsliða og boðun þeirra.

B) Vinna sniðmát að samningi um vettvangsliða.

Mælanleg markmið
Skýrar leiðbeiningar um vinnu vettvangsliða liggur fyrir. Fjöldi vettvangsliðateyma á landsvísu.

Ábyrgð
Heilbrigðisráðuneyti.

Samstarfsaðilar
Þjónustuveitendur sjúkraflutninga, Sjúkraflutningaskólinn og Neyðarlínan.

Framkvæmdatími
2026-2027.

4.2 Virkja nærsamfélag á hverjum stað í bráðaviðbragði til að auka líkur á góðri útkomu

Ísland hefur lægstu tíðni Norðurlandanna þegar kemur að því að almenningur beiti skyndihjálp á vettvangi við hjartaáföll[1]. Nýta möguleika 112 appsins til að

[1] https://yhteistyotilat.fi/wiki08/display/JULNBDQ?preview=/253858017/253858254/Nordic%20and%20Baltic%20EMS%20data%2C%20quality%20indicators%20and%20benchmarking%20report%20v1.0.pdf

leiðbeina og fræða almenning um fyrstu viðbrögð. Gera fýsileikamat á því að taka í notkun tækni t.d. app sem tengir viðkomandi (almenning) við fagaðila eða neyðarsímverði sem er sambærilegt og hjartahlauparar (livredder) á Norðurlöndum.

Mælanleg markmið
Fræðsluefni og tæknilausn liggur fyrir.

Ábyrgð
Heilbrigðisráðuneyti.

Samstarfsaðili
Neyðarlínan.

Framkvæmdatími
2026-2028.

4.3 Reglulegt mat notenda á þjónustu tengdri bráðaviðbragði og sjúkraflutningum

Samræmd þjónustukönnun verði framkvæmd meðal þeirra sem þiggja þjónustu sem tengist sjúkraflutningum. Neyðarlínan er mögulegur milliliður í framkvæmd.

Mælanleg markmið
Reglulegar þjónustukannanir.

Ábyrgð
Heilbrigðisráðuneyti.

Samstarfsaðili
Neyðarlínan.

Framkvæmdatími
2026-2027.

5. Skilvirk þjónustukaup

Í heilbrigðisstefnu er lögð áhersla á:
Kaup hins opinbera á heilbrigðisþjónustu – Fjármögnunarkerfi sem stuðla að gæðum og hagkvæmni veittrar þjónustu – Greiðsluþátttöku sjúklinga.

5.1 Samningar byggi á kostnaðar- og þarfagreiningu

Sú þjónusta sem samið er um skal miða að því að hámarka öryggi og gæði fyrir sjúklinginn og vera hagkvæm. Löng hefð er fyrir samningum hins opinbera við slökkvilið sveitarfélaga og á stærri stöðum um samrekstur slökkviliða og sjúkraflutninga. Við þarfagreiningu og kostnaðarmat skal m.a. horft til forgangsröðunar sjúklinga. Mikilvægt er að tryggja stöðugleika í samningum með langtímasjónarmið að leiðarljósi en gefa rými fyrir nýsköpun og sveigjanleika til tímabundinna breytinga á þjónustunni. Tilteknir þættir sjúkraflutninga kalla á opið innkaupaferli s.s. kaup á sjúkrabílum, en eiga að öðru leyti sjaldnast við.

Mælanleg markmið
Þarfagreining og kostnaðarmat hins opinbera liggur fyrir áður en gengið er til samninga.

Ábyrgð
Sjúkratryggingar Íslands og heilbrigðisstofnanir.

Samstarfsaðilar
Rauði krossinn og rekstraraðilar sjúkraflutninga.

Framkvæmdatími
2026-2030.

5.2 Endurnýjun á búnaði og bifreiðum skv. þarfamati, ásamt mati á fjölda og dreifingu um landið

Kröfulýsing sjúkrabíla skal að jafnaði vera hluti af samningi og skal uppfærð reglulega af Sjúkratryggingum Íslands í þéttu samráði við rekstraraðila sjúkraflutninga og aðra sérfræðinga í bráðaþjónustu og sjúkraflutningum. Vinna skal kröfulýsingu vegna nauðsynlegs búnaðar í sjúkraflugvélar og þyrlur og stefna að því að búnaður og tæki séu samræmd um landið. Einnig skal horfa til innleiðingar á nýrri tækni og nýsköpunar hvaða varðar búnað sem gæti verið gagnlegt að nýta í sjúkraflutningum s.s. ómskoðunartæki, tæki til blóðrannsókna, innrennslidælur, öndunarvélar og fjarvöktunarbúnað (hljóð og

mynd). Uppfæra skal búnað í bílunum, flugvélum og þyrlum eftir þörfum og tryggja að hann létti störf sjúkraflutningamanna og fyrirbyggi álagsmeiðsli. Athuga sérstaklega sérhæfðan búnað fyrir börn og farartæki fyrir sérhæfða sjúkraflutninga s.s. nýbura- eða gjörgæsluflutninga.

Mælanleg markmið

Nýjar þarfagreiningar liggja fyrir. Tæki og búnaður í lagi á hverri starfsstöð.

Ábyrgð

Sjúkratryggingar Íslands.

Samstarfsaðilar

Þjónustuveitendur sjúkraflutninga, Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri.

Framkvæmdatími

2027.

5.3 Heilbrigðisstofnanir nýti einfaldari bifreiðar til flutnings sjúklinga milli stofnana þar sem kostur er í stað fullbúinna sjúkrabíla

Lítið bráðir sjúkraflutningar eru fleiri á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum skv. norrænum gæðavísum[2]. Fullbúnir sjúkrabílar eru stundum nýttir til flutninga þar sem einfaldari bifreiðar væru fullnægjandi miðað við ástands sjúklings. Ef fullbúnar bifreiðar eru notaðar við einfaldari flutninga getur komið upp sú staða að það skorti fullbúna sjúkrabíla til að sinna bráðatilfellum. Með fjölgun einfaldari bifreiða þarf jafnframt að tryggja getu til að takast á við hópslys eða stærri atburði. Nýta skal niðurstöður tilraunaverkefna sem hafin eru á nokkrum stöðum til að leggja línur með fyrirkomulag og árangur.

Mælanleg markmið

Í öllum heilbrigðisumdæmum er geta til að flytja sjúklinga milli heilbrigðisstofnana með hentugum bifreiðum í stað sjúkrabíla.

Ábyrgð

Stjórnendur heilbrigðisstofnana og Sjúkratryggingar Íslands.

Framkvæmdatími

2026-2027.

[2]https://yhteistyotilat.fi/wiki08/display/JULNBDQ?preview=/253858017/253858254/Nordic%20and%20Baltic%20EMS%20data%2C%20quality%20indicators%20and%20benchmarking%20report%20v1.0.pdf

6. Gæði í fyrirrúmi

Í heilbrigðisstefnu er lögð áhersla á:
Gæði og öryggi – Þróun gæðavísa sem sýna árangur þjónustunnar – Gæðaáætlun embættis landlæknis – Hvernig auka megi gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar.

6.1 Uppfæra klínískar leiðbeiningar um framkvæmd sjúkraflutninga

Klínískar leiðbeiningar fyrir sjúkraflutningamenn voru upphaflega gefnar út árið 2006 sem verkferlar og hafa nokkrir þeirra verið uppfærðir og nýir gefnir út. Endurskoðun leiðbeininganna hófst árið 2024 og er áætlað að henni ljúki árið 2026. Nýjum klínískum leiðbeiningum er ætlað að stuðla að samræmdum vinnubrögðum, t.d. við lyfjagjafir og munu nýtast við gæðaeftirlit með framkvæmd bráðaþjónustu á vettvangi. Embætti landlæknis gefur klínískar leiðbeiningar út með rafrænum hætti á vef embættisins en jafnframt verða þær tiltækar í skráningatækjum sjúkraflutninga. Einnig er möguleiki á að gefa þær út í bókarformi þegar unnið er utan netsambands.

Framvegis verði klínískar leiðbeiningar endurskoðaðar jafnt og þétt í stað átaksverkefnis.

Hafin verði vinna við endurskoðun á verklagi Neyðarlínunnar í tengslum við neyðarsímsvörun.

Mælanleg markmið
Yfirferð og uppfærsla 30% ferlanna er lokið á hverju 12 mánaða tímabili. Lokamarkmið eru uppfærðar klínískar leiðbeiningar um framkvæmd bráðaþjónustu og sjúkraflutninga gefið út.

Ábyrgð
Landspítali/yfirlæknir utanspítalaþjónustu.

Samstarfsaðilar
Vinnuhópur skipaður fulltrúum frá embætti landlæknis, Neyðarlínunni og Landsambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Framkvæmdatími
2026-2028.

6.2 Setja landsgæðavísa fyrir sjúkraflutninga sem nýttir eru til að leggja mat á þjónustuna á landsvísu

Embætti landlæknis stendur fyrir miðlægri birtingu tölulegra upplýsinga um sjúkraflutninga úr stafrænni skráningu. Mælt er með að samræmdir norrænir gæðavísar (Nordic Baltic indictors) liggi til grundvallar ásamt því að þróa nýja ferlamiðaða gæðavísa tengt þeim sem fá afgreiðslu á staðnum, eru tíðir innhringjendur eða þegar um er að ræða tímaháð tilfelli eins og heilablóðfall. Gögnum er varða starfsemi, rekstur og faglega vinnu er safnað og þau greind eftir svæðum eða þjónustuveitendum og þau notuð til gæðamats og sem grunnur að stöðugum umbótum.

Mælanleg markmið

Miðlæg gagnaskráning um sjúkraflutninga á landsvísu er til staðar og samræmdir landsgæðavísar liggja fyrir.

Ábyrgð

Embætti landslæknis.

Samstarfsaðili

Heilbrigðisráðuneyti.

Framkvæmdatími

2026-2027.

7. Hugsað til framtíðar

Í heilbrigðisstefnu er lögð áhersla á:
Vísindi, menntun og nýsköpun og margvísleg tækifæri á sviði heilbrigðisvísinda – Mikilvægi þess að menntun heilbrigðisstétta taki mið af íslenskum aðstæðum – Að ný tækni, ný lyf og nýsköpun á sviði heilbrigðisþjónustu sé metin og innleidd á kerfisbundinn hátt.

7.1 Kaup og innleiðing á tækni sem styður við notkun fjarheilbrigðislausna á vettvangi og í flutningum sem eykur m.a. möguleika á því að hægt sé að ljúka afgreiðslu á staðnum.

Samræma ferli, tækni og búnað um landið sem nýttur er til miðlunar myndefnis af vettvangi, í bílum og í flugi með öruggum hætti. Tryggja að viðeigandi aðstoð sé til staðar á bakenda samskiptamiðlunarinnar, til að rýna myndefni eða stafræn gögn úr síritum. Huga skal að trúnaði við sjúkling. Með slíkum búnaði er styrkt sú þjónusta sem veitt er m.a. á vettvangi í stað flutnings á sjúkrahús.

Mælanleg markmið
Búnaður og tækni til staðar í sjúkraflutningum sem gefa möguleika á fjarþjónustu af vettvangi.

Ábyrgð
Heilbrigðisráðuneyti.

Samstarfsaðili
Þjónustuveitendur sjúkraflutninga.

Framkvæmdatími
2026-2030.

7.2 Þróa lausnir sem miða að því að sinna bráðatilfellum sjúklinga með geðrænar og/eða vímuefnatengdar áskoranir

Einstaklingar með geðrænar áskoranir þ.m.t. vímuefnavanda þurfa oft bráðaaðstoð vegna versnunar geðrænna einkenna. Versnun tengist oft félagslegum erfiðleikum og ýmislegt er hægt að gera á vettvangi ef viðkomandi er ekki metinn í þörf fyrir innlögn. Fjöldi útkalla er áætlaður 10-20 á dag. Á landsbyggðinni er í sumum bráðatilfellum þörf fyrir sérhæfðan faglegan stuðning við fagaðila á vettvangi. Notkun fjarþjónustulausna til ráðgjafar og mats á ástandi mun nýtast í samskiptum milli fagaðila

A) Kanna fýsileika þess að koma upp sérhæfðri fjarþjónustu vegna geðrænna áskorana. Leiðbeiningar og stuðningur við sjúkraflutninga á vettvangi og heilbrigðisstofnanir.

B) Geðsjúkrabíll: Kanna fýsileika þess að koma upp sérútbúnum geðsjúkrabíl á höfuðborgarsvæðinu sem mannaður er sérhæfðu geðheilbrigðisstarfsfólki og sjúkraflutningamanni/bráðatækni.

C) Geðflutningsteymi: Kanna fýsileika þess að setja saman færanlegt geðflutningsteymi (líkt og nýburateymið) innan Landspítala sem veitir sérhæfða fjarráðgjöf, mætir á vettvang og veitir staðbundna ráðgjöf eða stýrir flutningi þegar þörf er á.

Mælanleg markmið
Heildstætt mat liggur fyrir á fýsileika sérhæfðrar geðbráðaþjónustu (fjarþjónustu, geðsjúkrabíls og geðflutningsteymis), ásamt kostnaðar- og ábatagreiningu

Ábyrgð
Heilbrigðisráðuneyti.

Samstarfsaðilar
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, heilbrigðisstofnanir, Rauði krossinn og Landspítali.

Framkvæmdatími
2026-2030.

7.3 Draga skal úr skaðlegum umhverfisáhrifum sjúkraflutninga eins og mögulegt er

Nýta farartæki sem ganga fyrir umhverfisvænum orkugjafa þar sem því er við komið. Jafnframt skal horfa til umhverfisáhrifa starfseminnar í heild sinni m.t.t. skilvirkni kerfisins, förgunar úrgangs og skipulags út frá viðurkenndum gæðastöðlum.

Mælanleg markmið
Hlutfall umhverfisvænna flutningstækja í flota hvers þjónustuveitanda.

Ábyrgðaraðili
Sjúkratryggingar Íslands.

Samstarfsaðilar
Rauði krossinn og þjónustuveitendur sjúkraflutninga.

Framkvæmdatími
2026-2030.

7.4 Kanna möguleika einmenningsviðbragðs á völdum stöðum á landinu til að auka öryggi

Þróun á einmenningsviðbragði með viðbragðsbíl er hafin og nauðsynlegt að rýna nánar möguleika, kosti og öryggi slíks viðbragðs samhliða og til stuðnings hefðbundnu sjúkraflutningsviðbragði. Einmenningsviðbragð felur í sér sérútbúinn hefðbundinn fólksbíl með búnaði til að veita bráðaþjónustu á vettvangi. Hann er mannaður einum heilbrigðisstarfsmanni, oftast sjúkraflutningsmanni eða bráðatækni. Einmenningsviðbragð er talið nýtast vel þar sem fjöldi fólks safnast saman á ákveðnum stað á ákveðnum tíma eða þar sem langt er á milli bækistöðva sjúkrabíla.

Mælanleg markmið

Framkvæma úttekt á þeim svæðum á landinu þar sem einmenningsviðbragð getur talist fýsilegt. Þar sem einmenningsviðbragði er komið á eru áhrifin metin með völdum gæðavísum fyrir og eftir að því fyrirkomulagi er komið á.

Ábyrgðaraðili

Heilbrigðisráðuneyti.

Samstarfsaðilar

Sjúkratryggingar og þjónustuveitendur sjúkraflutninga.

Framkvæmdatími

2026-2030.

7.5 Sjúkrabíll til sérhæfðra sjúkraflutninga tekinn í notkun

Við flutninga á alvarlega veikum sjúklingum er mikilvægt öryggismál að nýta til þess sjúkrabíl til sérhæfðra flutninga með viðeigandi búnaði. Notagildi slíks bíls er m.a. til flutnings gjörgæslusjúklinga, flutningi á ferðafóstru fyrir nýbura, rafmagnshjólastól, strekkbekk auk flutnings á þyngri sjúklingum í sjúkrarúmi. Nauðsynlegt er að vinna þarfagreiningu og kaup á sjúkrabíl til sérhæfðra sjúkraflutninga sem taki mið af þarfagreiningu áður en af kaupunum verður.

Mælanleg markmið

Þarfagreining liggur fyrir. Sjúkrabíll til sérhæfðra sjúkraflutninga tekinn í notkun.

Ábyrgðaraðili

Sjúkratryggingar Íslands.

Samstarfsaðilar

Heilbrigðisráðuneyti, Rauði kross Íslands, Slökkvilið höfuðborgarsvæðis, gjörgæsluráð Landspítala og aðrir sérhæfðir hagaðilar innan Landspítala.

Framkvæmdatími

2026-2027.